



# TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



## Samþykkt um hunda- og kattahald í Tálknafjarðarhreppi

### Hundahald

#### 1.gr.

Hundahald er bannað í Tálknafjarðarhreppi að undanteknum þarfahundum á lögbýlum og hundum sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa, svo og aðstoðarhundum blindra og fatlaðra.

#### 2.gr.

Sveitarstjórn er þó heimilt að veita lögráða einstaklingum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu undanþága til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps og þar fær eigandi hundsins afhenta númeraða plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en þrjá mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið skal ákveðið af hreppsnefnd sem umhverfissráðherra staðfestir. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram 1. júlí ár hvert. Ekki skal greiða árgjald á skráningarári. Í gjaldskrá skal einnig ákveðið handsömunargjald sbr. 2.gr. f-lið. Hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum eru undanþegnir þessu gjaldi, svo og hundar sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa svo og hundar sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötluðu.  
Hafi gjaldið ekki verið greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga er heimilt að afturkalla leyfið, svo og ef hreinsun hunda er ekki framkvæmd eftir settum reglum.
- c) Tálknafjarðarhreppur ábyrgðartryggir alla skráða hunda, sem greitt er leyfisgjald af. Þeir hundaeigendur sem undanþegnir eru leyfisgjaldi skv. f.-lið þessarar greinar, ábyrgðartryggja hunda sína hjá viðurkenndu tryggingarfélagi, þeir skulu og greiða sveitarsjóði útlagðan kostnað vegna hundahreinsunar. Við hundahreinsun skulu hundaeigendur sem falla undir f.-lið leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýnir að trygging sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Hundaeigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu eða raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum, er að allir íbúðareigendur samþykki og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hundsins. Þá er umráðamönnum alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn. Eigi er leyfilegt að hafa með sér hunda þó í taumi séu inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem um ræðir í III – V og VII-XV heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari tíma breytingum.



# TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



- e) Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varðar, þ.á.m. reglur um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, sbr. b.-liður þessarar greinar, svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.
- f) Bændum á lögbýlum er heimilt að hafa þarfahunda án gjalds. Hundar á lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar.  
Skyld er bændum á lögbýlum og eigendum hunda sem nefndir eru í b.-lið hér að framan að sjá til þess að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri.

## 3.gr.

Fyrir hönd sveitarstjórnar annast starfsmaður áhaldahúss á hennar vegum framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Tálknafjarðarhreppi. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd starfa sinna, ef hundur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða eigandi eða vörsluaðili hundsins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valda því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja hund.

## 4.gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum sem ekki eru í fylgd með eigendum eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa hefur lögregla eða dýralæknir heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað.

Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögregla eða dýralæknir heimild til að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hundar sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað.

Lögregla og starfsmaður áhaldahúss hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari.

Hreppsnefnd er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

## Kattahald

### 5. gr.

Kattahald í Tálknafjarðarhrepp er háð leyfum og bundið þeim skilyrðum sem nánar eru tilgreind í samþykkt þessari.

### 6. gr.

#### *Stjórnsýsla*

Hreppsnefnd er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í þéttbýli í sveitarfélaginu leyfi til kattahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem það er gefið út fyrir. Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en þrjá mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.



# TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



7. gr.

## *Kattahald í fjöleignarhúsum*

Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi, skal umsókninni fylgja skriflegt samþykki allra eigenda íbúða í stigaganginum, svo og leigutaka, ef um leiguíbúðir er að ræða. Leigjandi þarf jafnan að framvísa samþykki leigusala síns.

8. gr.

## *Leyfisgjald og skráningargjald*

Skráningargjald skal greiða við skráningu kattarins.

Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða árlega til sveitarsjóðs, eftir gjaldskrá sem hreppsnefnd setur, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Leyfisgjaldið er greitt fyrirfram 1. júlí ár hvert og hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi. Ekki skal innheimta leyfisgjald sama ár og köttur er skráður.

9. gr.

## *Ormahreinsun*

Við greiðslu gjalds skv. 4.gr. ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Hvatt er til reglulegra bólusetninga katta gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

10. gr.

## *Gelding*

Gelda skal alla fressketti sex mánaða og eldri sem ganga lausir utandyra. Hvatt er til slíks hins sama fyrir læður. Við greiðslu gjalds skv. 4. gr. ber eiganda að framvísa staðfestingu dýralæknis á því að gelding hafi farið fram og mun þá hljóta afslátt sbr. 5. gr. gjaldskrár fyrir kattahald í Tálknafjarðarhreppi.

11. gr.

## *Tryggingar*

Hver köttur sem veitt er leyfi fyrir skal ábyrgðartryggður og skal sveitarfélagið annast þá tryggingu. Tryggingin skal ná til alls tjóns sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum og munum. Gjald fyrir ábyrgðartryggingu innheimtist með leyfisgjaldi.

12. gr.

## *Merking katta*

Kötturinn skal ávallt bera hálsól. Á ólinni skal vera bjalla, auk upplýsinga um heimilisfang eiganda og símanúmer.

13. gr.

## *Ónæði og óþrif af völdum katta*

Eigandi og umráðamenn skulu gæta þess að kötturinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna. Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá er skylt að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.



# TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



## 14. gr.

### *Tillit til fuglalífs á varptíma*

Eigendum og umráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útiveru katta.

## 15. gr.

### *Óheimilir staðir*

Köttum má ekki hleypa inn í fyrirtæki og stofnanir, sbr. fylgiskjal 3 með reglugerð um hollustuhætti, þar sem matvæli eru meðhöndluð, sbr. reglugerð um matvæli, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð um neysluvatn og ölkelduvatn.

## 16. gr.

### *Dýraeftirlitsmaður*

Tálknafjarðarhreppur getur ráðið sérstakan dýraeftirlitsmann. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði hreppsnefndar. Hann tekur óskilaketti og flækingsketti í vörslu.

Halda skal skrá yfir ketti sem veitt er leyfi fyrir, þar sem fram koma upplýsingar um köttinn og eiganda hans. Skráin skal verða aðgengileg á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, dýraeftirlitsmanni, sé hann starfandi.

## 17. gr.

### *Handsömun katta*

- 1) Sé köttur ómerktur.
- 2) Sé ítrekað kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði
- 3) Sé köttur innandyra hjá nágretta í leyfisleysi, á óheimilum stað sbr. 11. gr. eða án samþykkis í fjölbýlishúsi, sbr. 3. gr.

Sé fangaðra katta ekki vitjað innan einnar viku, er heimilt að láta aflífa þá.

## 18. gr.

### *Umsókn um leyfi*

Umsóknir um leyfi til kattahalds skal leggja fram á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps á þar til gerðum eyðublöðum.

## 19. gr.

### *Refsiviðurlög*

Um brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

## 20. gr.

Framangreind samþykkt Tálknafjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.



# TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



*Tálknafirði 12. desember 2019*  
*Bjarnveig Guðbrandsdóttir*  
*Oddviti*